

Til bærstjórnar Garðabæjar

Efni: Tillaga um mótun stefnu og framkvæmdaáætlun um vistvænar samgöngur fyrir stofnanir Garðabæjar

Bærstjórn Garðabæjar samþykkir að móta stefnu og framkvæmdaáætlun um vistvænar samgöngur fyrir stofnanir bæjarins. Í stefnu sem þessari er mikilvægt að huga að orkuskiptum í samgöngum, samgöngustyrkja fyrir starfsmenn, ásamt fleiri leiðum sem stuðla að vistvænum samgöngum innan stofnanna Garðabæjar. Samhliða mótun stefnu verður einnig unnin framkvæmdaáætlun sem tilgreinir tímasetningar og verkefni sem Garðabær ætlar að gera til að stuðla að vistvænum samgöngum innan stofnana.

Greinagerð:

Það er eitt af markmiðum umhverfisstefnu Garðabæjar að Garðabær verði vistvænt bæjarfélag og umhverfið heilnæmt og aðlaðandi. Ein af þeim leiðum sem nefndar eru í umhverfisstefnu Garðabæjar til að ná því markmiði er að stuðla að notkun minna mengandi farartækja og vistvænna orkugjafa. Með því að móta stefnu og framkvæmdaáætlun er hægt að ná þeim markmiðum sem Garðabær hefur sett sér.

Við innleiðingu Heimsmarkmiðanna sem nýverið var samþykkt í bærstjórn er mikilvægt að fara í heildarstefnumótun og vinna þannig markvisst að þeim markmiðum að vistvæna Garðabæ og skapa þá sýn sem viljinn stendur til að virðist meðal allra bæjarfulltrúa.